

# Fundargerð 9. fundar

## Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 20. nóvember 2013

Árið 2013, miðvikudaginn 20. nóvember kl. 14:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar að Borgartúni 30.

Mættir voru: Svanfríður Inga Jónasdóttir formaður, Róbert Ragnarsson, Guðný Sverrisdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Elliði Vignisson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Starfsáætlun næsta árs og drög að fjárhagsáætlun.

Farið yfir fundaðætlun ársins 2014 og þau verkefni sem liggur fyrir að þarf að vinna.

Með vísan til þess að eitt meginmarkmið samtakanna er að auka þekkingu og bæta ímynd sjávarútvegs og sjávarsamfélaga hefur stjórn áhuga á að beita sér fyrir því að útbúið verði kennsluefni í samfélagsfræði fyrir grunnskóla. Kennsluefnið verði á rafrænu formi og hafi það að markmiði að varpa réttu ljósi á þau verkefni sem unnin eru í sjávarútvegi og hvernig samfélagsgerð sjávarsamfélaga er í raun.

Leitað verði eftir samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Íslands og Íslenska sjávarklasann.

### 2. Aðkoma stjórnar að umsögnum um nýtt frv. um stjórn fiskveiða sem er í undirbúningi.

Rætt var um forkaupsréttarákvæði og fleiri álitamál. Ákveðið að óska eftir fundi með starfshópi um innleiðingu samningaleiðarinnar sem hefur forræði á málinu.

### 3. Umsögn sjávarútvegssveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum, 14. mál.

Tillaga að umsögn stjórnar samtakanna lögð fram.

Samþykkt samhljóða.

### 4. Fundur með fjármálaráðherra þann 20. nóvember kl. 16:00

Stjórn á fund með Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra kl. 16 að Arnarhváli.

Markmið fundarins er að kynna ráðherra samtökin og markmið þeirra, og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna um að eðlilegt sé að sveitarfélög fái hlutdeild í sérstaka veiðigjaldinu.

Tillaga að minnisblaði fyrir ráðherra lagt fram og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.

Fundargerð skráði RR.